

GAMMA

SAMPYKKTIR FYRIR HLUTAFÉLAGIÐ

GAMMA Capital Management hf.

1 HEITI FÉLAGSINS, HEIMILI OG TILGANGUR

- 1.1 Heiti félagsins er GAMMA Capital Management hf.
- 1.2 Félagið er hlutafélag.
- 1.3 Heimili félagsins er að Garðastræti 37, 101 Reykjavík.
- 1.4 Tilgangur félagsins er að veita fjármálaþjónustu. Skal féluginu heimilt að stunda hverja þá starfsemi sem rekstrarfélögum er heimil samkvæmt lögum og starfsleyfi félagsins. Félagið er rekstrarfélag verðbréfasjóðs í skilningi laga nr. 161/2002, um fjármálfyrirtæki.

2 HLUTAFÉ FÉLAGSINS

- 2.1 Hlutafé félagsins skiptist í two flokka, A-flokk og B-flokk. Heildarhlutafé félagsins er að nafnvirði 33.859.000 kr. - (krónur þrjátíu og þrjár milljónir áttahundruð fimmtíu og níu þúsund).

Hlutflokkur A

Hlutafé í A-flokki er kr. 0 sem skiptist í jafn marga hluti að verðmæti ein króna hver.

Stjórn félagsins hefur rétt til þess að innleysa hluti í A-flokki með því að greiða kr. 1.235 fyrir hvern hlut. Frá og með 1. nóvember 2021 skal innlausnarverðið taka hækjunum miðað við 10% ársvexti en reiknast daglega.

Hlutir í A-flokki sem hafa verið innleystir skulu ekki vera endurútgefni, seldir eða framseldir með öðrum hætti.

Hlutum í A-flokki fylgir ekki atkvæðisréttur.

Óheimilt er að hækka hlutafé í A-flokki umfram kr. 1.000.000 og einungis er heimilt að hækka hlutafé í A-flokki með breytingu hins breytanlega láns í hlutafé, sbr. grein 3.

Hlutflokkur B

Hlutafé í B-flokki er kr. 33.859.000 sem skiptist í jafn marga hluti að verðmæti ein króna hver.

Hlutum í B-flokki fylgir atkvæðisréttur .

- 2.2 Hver hlutur er að fjárhæð ein króna (1 kr.) að nafnverði eða margfeldi þeirrar

GAMMA

fjárhæðar. Gefa má út eitt hlutabréf vegna heildarhlutafjáreignar hvers hluthafa eða deila hlutafjáreigninni niður á fleiri bréf.

- 2.3 Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í hlutfalli við skráða hlutafjáreign sína en að öðru leyti fer um útgáfu slíkra hluta eftir þeim reglum sem stjórn félagsins setur í samræmi við ákvörðun hluthafafundar hverju sinni.
- 2.4 Þegar hluthafi hefur greitt hlut sinn að fullu, skal honum afhent hlutabréf sem stjórnin gefur út og sem veitir honum réttindi í félaginu svo sem lög og samþykktir þessar mæla fyrir.
- 2.5 Hlutabréf félagsins skulu vera tölusett með áframhaldandi númerum og hljóða á nafn.
- 2.6 Stjórn félagsins skal halda skrá yfir hlutabréf félagsins og skal þar greina:
 1. Nafnverð, flokk og númer hlutabréfs.
 2. Útgáfudag hlutabréfsins.
 3. Nafn hluthafa og kennitölu.
 4. Upplýsingar um aðilaskipti að hlutabréfum og dagsetningu viðskipta.
 5. Breytingar, sem verða kunna á skiptum félagsins og eiganda hlutabréfa, svo sem ef hlutabréf er ógilt.
- 2.7 Samkvæmt ákvörðun stjórnar má skrá hluti í félaginu með rafrænum hætti fyrir milligöngu verðbréfamiðstöðvar sem starfar samkvæmt lögum nr. 131/1997, með síðari breytingum. Við slíka skráningu hluta skal stjórnin innkalla og láta ógilda á grundvelli áskorunar í Lögbirtingablaðinu þegar útgefin hlutabréf félagsins. Yfirlit verðbréfamiðstöðvar um eigendur hluta í félaginu er fullgild hlutaskrá þess.
- 2.8 Nú glatast hlutabréf og skal þá eigandi fá nýtt bréf, jafnskjótt og hið glataða hlutabréf hefur verið ógilt. Ef hlutabréf skemmist, en þó verður eigi villst um tölu þess og efni, getur eigandi þess fengið nýtt hlutabréf á sinn kostnað, gegn því að skila aftur hinu skemmda bréfi.
- 2.9 Gagnvart félaginu skal hlutaskráin skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í félaginu. Arðgreiðslur og hvers konar tilkynningar til hluthafa skal senda til þess aðila, sem skráður er eigandi viðkomandi hlutabréfs á hlutaskrá félagsins, á sendingardegi. Hluthafi skal tilkynna félaginu heimilisfang sitt, en sé slíkt ekki gert telst skráð lögheimili hluthafa vera heimilisfang hans. Félagið ber enga ábyrgð á því, ef greiðslur eða tilkynningar misfarast vegna þess að vanrækt hefur verið að tilkynna félaginu um bústaðaskipti. Hluthafi getur vitjað arðs á skrifstofu félagsins innan fjögurra ára frá því að hann varð gjaldkræfur, að þeim tíma liðnum fellur hann til félagsins.
- 2.10 Hver hluthafi er skyldur til, án sérstakrar skuldbindingar, að lúta samþykktum félagsins, eins og þær eru nú, eða þeim kann síðar verða breytt á lögmætan hátt. Þó verða hluthafar ekki, hvorki með félagssamþykktum né breytingum á þeim, skyldaðir til að auka hlutafjáreign sína í félaginu og eigi heldur að sæta innlausn á hlutum sínum, að öðru leyti en kveðið er á um í samþykktum þessum.
- 2.11 Hluthafar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu, nema þeir taki á sig slíka ábyrgð með sérstökum löggerningi. Þessu ákvæði verður ekki breytt né það fellt niður með neinum ályktunum hluthafafundar.
- 2.12 Engin sérréttindi fylgja neinum hlut í félaginu.

GAMMA

3 BREYTANLEGT LÁN

- 3.1 Hluthafafundur félagsins ákvað þann 1. nóvember 2018 að félagið taki lán er getur umbreytt kröfu lánveitanda (með tilvísun lánveitanda er í samþykktum þessum einnig átt við framsalshafa hans) á hendur féluginu í 1.000.000 hluti í A-flokk. Heildarlánveitingin, að meðtoldu lántökugjaldi, er kr. 1.235.000.000. Gjalddagi lánsins er þann 1. nóvember 2019. Skuldin ber enga vexti en verði greiðslufall á gjalddaga lánsins ber lántaka að greiða dráttarvexti af gjaldfallinni skuld sem eru 10% hærri en þeir vextir sem birtir eru af Seðlabanka Íslands í samræmi við 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.
- 3.2 Lánveitanda er heimilt, en ekki skylt, hvenær sem er eftir 15. desember 2018, að breyta höfuðstóli lánsins (að meðtoldu lántökugjaldi) í 1.000.000 hluti í A-flokk lántaka. Kjósi lánveitandi að breyta kröfu sinni í hluti skal hann tilkynna lántaka það skriflega. Áður en af umbreytingu verður skal lánveitanda gefinn kostur á að beina tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins, telji hann að umbreytingin (og eftir atvikum, nýting áskriftarréttinda) leiði til eignarhalds á virkum eignarhlut, sbr. 40. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Skal stjórn lántaka umsvifalaust hlutast til um að gefa út hlutina og tryggja skráningu lánveitanda sem hluthafa í verðbréfamiðstöð, sbr. lög nr. 131/1997 um rafræna eignaskráningu verðbréfa, annaðhvort (a) þegar lánveitandi staðfestir að hann telji að umbreytingin (og eftir atvikum, nýting áskriftarréttinda) leiði ekki til eignarhalds á virkum eignarhlut eða (b) þegar Fjármálaeftirlitið hefur metið lánveitanda hæfan til að fara með virkan eignarhlut (eða tímafrestur Fjármálaeftirlitsins við mat á hæfi er liðinn).
- 3.3 Á meðan lánið er ógreitt er óheimilt að hækka hlutafé, lækka hlutafé, gefa út ný breytanleg skuldabréf, gangast undir breytanleg lán, eða gefa út áskriftarréttindi önnur en til lánveitanda, slíta féluginu, framkvæma samruna eða skiptingu, án skriflegs samþykkis lánveitanda.
- 3.4 Stjórn félagsins er veitt heimild til að hækka hlutafé félagsins um þá fjárhæð sem leiðir af breytingu lánsins í hluti og framkvæma hækkunina. Hinir nýju hlutir skulu veita réttindi í féluginu frá skráningardegi hlutafjárhækkunar. Hluthafar falla frá forgangsrétti sínum samkvæmt 34. gr. laga um hlutafélög.

4 STJÓRNSKIPULAG

- 4.1 Með stjórn félagsins fara:
1. Hluthafafundur.
 2. Stjórn félagsins.
 3. Framkvæmdastjóri.

5 HLUTHAFAFUNDIR

- 5.1 Æðsta vald í öllum málefnum félagsins, innan þeirra takmarka, sem samþykktir þess og landslög setja, er í höndum lögmætra hluthafafunda.
- 5.2 Aðalfund félagsins skal halda fyrir lok júnímánaðar ár hvert.
- 5.3 Á aðalfundi skulu þessi mál tekin fyrir:
1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess síðastliðið starfsár.

GAMMA

2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár, ásamt athugasemdu endurskoðenda, skal lagður fram til samþykktar. Samhliða afgreiðslu ársreiknings skal ákveða hvernig fara skuli meta hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.
 3. Tillögu félagsstjórnar um starfskjarastefnu félagsins.
 4. Tillögur um breytingar á samþykktum félagins.
 5. Kosning stjórnar og varastjórnar félagsins.
 6. Kosning endurskoðenda félagsins.
 7. Ákvörðun þóknunar til stjórnarmanna.
 8. Samantekt félagsstjórnar um hlutafjáreign og samstæðutengsl.
 9. Önnur mál.
- 5.4 Ef hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/3 hlutafjárins, krefjast þess skriflega á aðalfundi skal fresta ákvörðunum um málefni þau, sem greinir í 1. og 2. lið greinar 5.3 til framhaldsaðalfundar sem haldinn skal í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi tveimur mánuðum síðar. Frekari frests er ekki unnt að krefjast.
- 5.5 Félagsstjórn skal sjá um að haldinn verði hluthafafundur innan sex mánaða frá því að eigið fé samkvæmt bókum félagsins er orðið minna en helmingur af skráðu hlutafé þess. Á hluthafafundinum skal stjórnin gera grein fyrir fjárhagslegri stöðu félagsins og ef þörf krefur leggja fram tillögur um nauðsynlegar ráðstafanir, þar á meðal um slit félagsins.
- 5.6 Stjórn félagsins skal boða til hluthafafunda þegar hún telur þess þörf, samkvæmt ályktun hluthafafundar, þegar kjörnir endurskoðendur krefjast þess eða þegar hluthafar, sem ráða minnst 1/20 (einum tuttugasta) hlutafjárins, krefjast þess skriflega með tilvísun í fundarefni. Þegar lögmæt krafa um fundarhald er fram komin skal stjórninni skylt að boða til fundar innan 14 daga frá því er henni barst krafan. Hafi félagsstjórn eigi boðað til fundar innan þess tíma er heimilt að krefjast þess að ráðherra láti boða til fundarins samkvæmt 87. gr. hlutafélagalaga.
- 5.7 Til hluthafafunda skal boða með tilkynningu til hvers hluthafa eða með auglýsingu í dagblaði. Til hluthafafundar skal boðað með minnst viku fyrirvara. Til aðalfundar skal boðað minnst með tveggja vikna fyrirvara.
- 5.8 Viku fyrir hluthafafund hið skemmsta en tveimur vikum fyrir aðalfund skal dagskrá, endanlegar tillögur, svo og ársreikningur (í móðurfélagi einnig samstæðureikningur), skýrsla stjórnar og skýrsla endurskoðenda eða skoðunarmanna sé um aðalfund að ræða, lögð fram hluthöfum til sýnis skrifstofu félags og samtímis send sérhverjum skráðum hluthafa sem þess óskar. Mál, sem hafa ekki verið greind í dagskrá hluthafafundar, er ekki unnt að taka til endanlegrar úrlausnar á fundinum nema með samþykki allra hluthafa félagsins en gera má um þau ályktun til leiðbeiningar fyrir félagsstjórn. Löglega frambornar viðauka- og breytingartillögur má bera upp á fundinum sjálfum.
- 5.9 Hluthafafundum stjórnar fundarstjóri sem fundurinn kýs. Fundarstjóri skal leysa úr öllum atriðum sem snerta lögmæti fundarins samkvæmt samþykktum þessum, þ. á m. ákveða form umræðna, meðferð málefna á fundinum og atkvæðagreiðslur.
- 5.10 Fundarstjóri skal láta kjósa fundarritara, sem heldur fundargerðarbók. Í

GAMMA

fundargerðabók skal skrá ákvarðanir hluthafafundar ásamt úrslitum atkvæðagreiðslna. Skrá yfir viðstadda hluthafa og umboðsmenn skal færð í fundargerðabók eða fylgja henni. Fundargerð skal lesa upphátt fyrir fundarlokk, sé þess óskað, og skrá þar athugasemdir ef fram koma. Fundarstjóri og fundarritari skulu undirrita fundargerðabók. Í síðasta lagi fjórtán dögum eftir hluthafafund skulu hluthafar eiga aðgang að fundargerðabók eða staðfestu endurriti fundargerða á skrifstofu félagsins.

- 5.11 Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutafé í B-flokki. Á hluthafafundi ræður afl atkvæða úrslitum, nema öðruvísi sé mælt fyrir í samþykktum þessum eða landslögum. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum. Ef tveir menn eða fleiri fá jafnmörg atkvæði skal hlutkesti ráða.
- 5.12 Samþykki allra hluthafa þarf til þess:
- að skylda hluthafa til að leggja fram fé í félagsþarfir fram yfir skuldbindingar sínar,
 - að takmarka heimild manna til meðferðar á hlutum sínum,
 - að breyta tilgangi félagsins að verulegu leyti,
 - að breyta ákvæðum samþykktta félagsins um hlutdeild manna í félaginu eða jafnrétti þeirra á milli og
 - að víkja meiri hluta stjórnarmanna frá störfum.
- 5.13 Rétt til setu á hluthafafundum hafa auk hluthafa og umboðsmanna þeirra, endurskoðandi og framkvæmdastjóri félagsins. Hafa þeir þar fullt málfrelsi og tillögurétt. Einnig getur stjórnin boðið sérfræðingum setu á einstökum fundum ef leita þyrfti álits þeirra eða aðstoðar. Sæki umboðsmaður hluthafafund fyrir hluthafa skal hann leggja fram skriflegt eða rafrænt umboð og skal það vera dagsett. Umboð verður ekki afturkallað svo gilt sé gagnvart félaginu eftir að því hefur verið framvísað við afhendingu fundargagna eða eftir setningu hluthafafundar hvort heldur sem fyrr er.

6 STJÓRN FÉLAGSINS

- 6.1 Aðalfundur kýs árlega þrjá aðalmenn í stjórn félagsins og two til vara. Um hæfi stjórnarmanna fer að lögum.

Hluthafar, sem eiga virkan eignarhlut í félaginu, skulu koma sér saman um tilnefningu meirihluta stjórnar, sem skal vera óháður hluthöfum, starfsmönnum félagsins og aðilum þeim tengdum.

Í tilkynningu um framboð til stjórnar skal geta, auk nafns frambjóðanda, kennitölu og heimilisfangs, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjáreign í félaginu. Þá skal einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar hlutafélags skulu lagðar fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir hluthafafund.

- 6.2 Á fyrsta fundi nýkjörinnar stjórnar skal kjósa formann og ákveða verkaskiptingu að öðru leyti.



GAMMA

6.3 Stjórnarformaður boðar stjórnina til funda og stýrir fundum. Fundi skal halda hvenær sem hann telur þess þörf. Formanni er auk þess skylt að boða stjórnarfund að kröfu eins stjórnarmanns eða framkvæmdastjóra.

Unnt er að halda stjórnarfundi með aðstoð rafrænna mála að svo miklu leyti sem það samræmist framkvæmd verkefna félagsstjórnar. Þó getur stjórnamaður eða framkvæmdastjóri krafist þess að stjórnarfundur verði haldinn með hefðbundnum hætti.

6.4 Stjórnarfundur er ákvörðunarbær þegar meirihluti stjórnarmanna sækir hann. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tök á því að fjalla um málið, sé þess kostur. Afl atkvæða ræður úrslitum nema öðruvísi sé fyrir mælt í sampykktum þessum eða lögmætum fyrirmælum. Stjórin skal halda gerðarbók um það sem gerist á stjórnarfundum og staðfesta hana með undirskrift sinni.

6.5 Stjórin hefur æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda. Meginskyldustörf hennar eru:

1. Að ráða framkvæmdastjóra, ákveða laun hans og ráðningarkjör, setja honum erindisbréf og hafa eftirlit með störfum hans.
2. Að hafa stöðugt og ítarlegt eftirlit með öllum rekstri félagsins og sjá um að skipulag þess og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Sérstaklega skal hún annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins.
3. Að koma fram fyrir félagsins hönd fyrir dómstólum og stjórnvöldum.
4. Að hafa samstarf við framkvæmdastjóra um ráðningu annarra helstu starfsmanna félagsins.
5. Að skera úr ágreiningi, sem upp kynni að koma milli framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna.
6. Að ákveða hver eða hverjir skuli skuldbinda félagið.

6.6 Stjórnarmenn skulu hafa aðgang að öllum bókum og skjölum félagsins.

6.7 Undirskrift meirihluta stjórnarmanna þarf til að skuldbinda félagið. Mikilvægar ákvárdanir, svo sem kaup og sala fasteigna og sambærilegar fjarfestingar má þó ekki taka nema allir stjórnarmenn hafi haft tök á að fjalla um málið.

7 FRAMKVÆMDASTJÓRI

7.1 Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur félagins og skal í þeim efnum fara eftir þeiri stefnu og fyrirmælum sem stjórn félagsins hefur gefið. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá stjórn félagsins, nema ekki sé unnt að bíða ákvárdana félagsstjórnar án verulegs óhagræðis fyrir félagið. Í slíkum tilvikum skal félagsstjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina.

7.2 Framkvæmdastjóri skal sjá um að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti.

GAMMA

- 7.3 Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn félagsins, en hafa skal hann samráð við stjórnina um ráðningu starfsmanna í stjórnunarstörf. Hann segir og upp starfsmönnum sem hann hefur ráðið og fjallar um launamál þeirra.
- 7.4 Framkvæmdastjóri er skyldur til að hlíta öllum fyrirmælum stjórnar. Honum ber að veita endurskoðendum allar þær upplýsingar sem þeir óska.

8 REIKNINGAR OG ENDURSKODUN

- 8.1 Reikningsár félagsins er almanaksárið. Á hverju reikningsári skal semja ársreikning félagsins og skal hann gerður í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga og bókhald.
- 8.2 Á aðalfundi félagsins skal kjósa löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfirma til eins árs í senn. Ekki má velja endurskoðanda úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins.
- 8.3 Endurskoðandi skal rannsaka álit reikningshald félagsins í samræmi við góða endurskoðunarvenju, og í því sambandi kanna bókhaldsgögn og aðra þætti er varða fjárhagsstöðu og rekstur þess og er þeim jafnan heimill aðgangur að öllum bókum þess og skjölum.
- 8.4 Endurskoðendur skulu hafa lokið endurskoðun ársreiknings eigi síðar en einum mánuði fyrir aðalfund. Ber þeim þá að senda endurskoðaða reikninga til stjórnar félagsins, ásamt athugasemdum sínum. Í síðasta lagi einni viku fyrir aðalfund skal stjórn félagsins hafa samið svör sín við athugasemdum endurskoðanda og skulu þau og athugasemdirnar liggja hluthöfum til sýnis ásamt ársreikningi, a.m.k. viku fyrir aðalfund.

9 EIGIÐ HLUTAFÉ FÉLAGSINS

- 9.1 Féluginu er heimilt að eiga eigið hlutafé allt að 10% (tíu af hundraði). Atkvæðisréttur fylgir ekki hlutabréfum sem félagið á sjálft. Hluti getur félagið aðeins eignast samkvæmt heimild hluthafafundar til handa félagsstjórn. Heimild til handa félagsstjórn til kaupa á eigin hlutafé mé ekki vera til lengri tíma en 18 mánaða hverju sinni. Á hluthafafundi þann 1. nóvember 2018 samþykkti hluthafafundur að stjórn félagsins sé heimilt að innleysa hluti í A-flokki samkvæmt þeim reglum sem er að finna í grein 2 samþykktu þessara. Heimildin gildir til 1. nóvember 2023.

10 BREYTINGAR Á SAMÞYKKTUM FÉLAGSINS

- 10.1 Samþykktum félagsins má breyta á löglega boðuðum hluthafafundum félagsins, enda sé þess rækilega getið í fundarboði, að slíkar breytingar séu fyrirhugaðar og í hverju þær felist í meginatriðum. Með breytingunni þurfa að greiða atkvæði a.m.k. 2/3 hlutar greiddra atkvæða svo og hluthafar, sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutafjár, sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum.
- 10.2 Samþykki allra hluthafa þarf til að breyta grein 5.12 samþykktanna.
- 10.3 Ákvæðum samþykktu þessara um atkvæðisrétt hluthafa og jafnrétti þeirra á milli verður þó ekki breytt nema með samþykki allra þeirra hluthafa sem sæta eiga réttarskerðingu, sbr. 3. mgr. 94. gr. hlutafélagalaga.

GAMMA

11 SLIT Á FÉLAGINU OG SAMRUNI

- 11.1 Nú þykir ráðlegt eða nauðsynlegt að slíta féluginu og þarf þá samþykki hluthafa er ráða minnst 2/3 hlutum af heildarhlutafé félagsins. Fundur sá sem samþykkir á lögmaðan hátt að slíta féluginu, kveður og á um hvernig ráðstafa skuli eignum þess og greiðslu skulda, sbr. XIII. kafla hlutafélagalaga.
- 11.2 Um samruna félagsins við önnur félög fer eftir XIV. kafla hlutafélagalaga.

12 ÖNNUR ÁKVÆÐI

- 12.1 Þar sem ákvæði samþykktar þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið, skal hlíta ákvæðum laga nr. 2/1995, um hlutafélög.
- 12.2 Félagið innleysir að kröfu þeirra sem eiga hlutdeild í einstökum verðbréfasjóðsdeildum miðað við daglegt gengi. Þó er heimilt að fresta innlausn en innlausn skal vera almenn og taka til allra hlutdeildarskírteina og annarra staðfestinga á tilkalli til verðbréfaeignar og verður einungis beitt mæli sérstakar aðstæður með því og hagsmunir þeirra sem eiga tilkall til verðbréfaeignar krefjast þess. Frestun á innlausn skal þegar tilkynnt Fjármalaeftirlitini og eftirlitsaðilum annarra ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins þar sem verðbréfasjóðurinn hefur verið markaðssettur. Jafnframt skal frestun auglýst.

Þannig samþykkt á hluthafafundi félagsins, Reykjavík, 1. nóvember 2018.

Réttar samþykktir staðfestir:



Valdimar Ármann, framkvæmdastjóri